

Árangur tilraunar til útrýmingar minks

Róbert A. Stefánsson,^{1,2} Menja von Schmalensee^{1,2} og Páll Hersteinsson†²


1. Náttúrustofa Vesturlands, 340 Stykkishólmi
2. Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindadeild, 101 Reykjavík

1. Inngangur


Árin 2007-2009 stóð umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð (1. mynd). Skipulag og umsjón minkaveiða voru á könnu Umhverfisstofnunar en Náttúrustofa Vesturlands sá um rannsóknir í tengslum við veiðiátakið og naut við það ráðgjafar Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Höfundar þessa veggspjalds voru fengnir til að meta árangur átaksins.

2. Aðferðir

Reynt var að meta hvort minkaveiðiátakið hafi leitt til fækkunar minka umfram það sem verið hefði með óbreyttri veiðisókn. Sóknin var aukin 2,7-falt á Snæfellsnesi og 5-falt í Eyjafirði, talið í greiddum klukkustundum við minkaveiðar. Árangur verkefnisins var mældur með beinum hætti á Snæfellsnesi fyrsta árið með lífveiðum, merkingum og endurheimtum [1]. Til að leggja mat á árangur útrýmingaráttaksins að öðru leyti var stuðst við gögn um veiðisókn og afla í verkefninu sjálfu og þurfti þess vegna að halda stöðugri sókn öll átaksárin. Að auki voru nýtt gögn um lýðfræði minkastofnsins sem höfundar höfðu aflað síðan 1996.




1. mynd. Verkefnið fór fram á Snæfellsnesi (blátt) og við Eyjafjörð (rautt). Dökkgráa svæðin voru notuð sem viðmiðunarsvæði.



2. mynd. Hlutfallsleg stofnvísitala fyrir átakssvæðin og viðmiðunarsýslur þar sem 2007 = 100 fyrir allar sýslurnar. Línur eru feitletraðar á átakstímabilinu.

A. Norðurland: Eyja(2) sýnir breytingar á hlutfallslegri stofnvísitölu á átakssvæðinu við Eyjafjörð (Eyjafjarðarsýsla og tveir vestustu hreppar S-Þingeyjarsýslu) ef hún hefði fylgt sömu breytingum og meðaltal stofnvísitalna Skagafjarðarsýslu og S-Þingeyjarsýslu (án tveggja vestustu hreppanna) frá 2006 til 2007, þ.e. ef veiðiálag hefði haldist óbreytt. Veiðin í Eyjafirði jókst um 8% milli ára 2006 og 2007 en miðað við reiknaða veiði án átaksins árið 2007 jókst veiðin um 36% vegna átaksins. Á árunum 2007-2009 dróst aflinn saman um 4% í Skagafirði og um 61% í Suður-Þingeyjarsýslu. Hlutfallsleg stofnvísitala lækkaði um 81% í Eyjafirði á tímabilinu 2007-2009 (svört brotin lína). Fækkun af völdum veiðisóknar umfram það sem áður tíðkaðist er metin 49% (81%-32%).



B. Vesturland: Snæf(2) sýnir breytingar á hlutfallslegri stofnvísitölu á Snæfellsnesi ef hún hefði fylgt sömu breytingum og meðaltal stofnvísitalna Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Dalasýslu frá 2006 til 2007, þ.e. ef veiðiálag hefði haldist óbreytt. Veiðin jókst um 47% milli ára 2006 og 2007 en miðað við reiknaða veiði án átaksins árið 2007 jókst veiðin um 55%. Tæplega fjórðungsfækkun varð á viðmiðunarsvæðinu í Dalasýslu árin 2007-2009 en ekki var hægt að nota Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til viðmiðunar eftir árið 2008 vegna breytinga á veiðifyrirkomulagi. Hlutfallsleg stofnvísitala lækkaði um 56% á Snæfellsnesi á árunum 2007-2009 (svört brotin lína) en fækkun af völdum veiðisóknar umfram það sem áður tíðkaðist er metin 34% (56%-22%). Heildarfækkun á Snæfellsnesi á árunum 2002-2009 er áætluð um 80%.

3. Niðurstöður

Ekki tókst að útrýma mink á svæðunum tveim en vegna þess að stærð minkastofnsins var á niðurleið óháð áttakinu, varð árangur þess allmikill og meiri en annars hefði orðið. Heildarfækkun minka á átakstímabilinu nam 81% í Eyjafirði en 56% á Snæfellsnesi. Að teknu tilliti til fækkunar í aðliggjandi viðmiðunarsýslum nam fækkun, sem rekja má sérstaklega til aukins veiðiálags vegna verkefnisins, 49% í Eyjafirði (2. mynd A) en 34% á Snæfellsnesi (2. mynd B). Ólíklegt verður að teljast að svo mikil fækkun hefði orðið ef aðstæður minkastofnsins hefðu verið sambærilegar við það sem þær voru á fjölgunartímabilinu fram að árinu 2003.

4. Umræður

Aukin veiðisókn dró úr þéttleika minks á svæðunum en verkefnið skar ekki úr um það hvort raunhæft sé að stefna að útrýmingu minks á landsvísu með aukinni veiðisókn. Þó er ljóst að kostnaður við slíkt verkefni yrði mjög hár. Þegar útrýma á stofni, þarf að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi [2]:

- Vaxtarhraði stofnsins þarf að vera neikvæður þar til útrýming hefur náðst, hver sem þéttleikinn er.
- Enginn aðflutningur má eiga sér stað.
- Veiðar verða að geta náð til allra einstaklinga stofnsins.
- Vakta þarf þéttleika með aðferðum sem eru óháðar veiðunum og virka þótt þéttleiki sé lágur.
- Nauðsynlegir fjármunir og skuldbinding þurfa að vera fyrir hendi þar til útrýming hefur náðst.

Nánari upplýsingar um verkefnið, rannsóknir í tengslum við það og ráðgjöf varðandi fyrirkomulag minkaveiða má finna í skýrslunum „Stofnstærð og vanhöld minks á Snæfellsnesi 2006-2007“ og „Tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks í Eyjafirði og á Snæfellsnesi 2007-2009. Árangur verkefnisins og tillögur um næstu skref“, sem nálgast má á heimasíðu Náttúrustofu Vesturlands (www.nsv.is).



† **Páll Hersteinsson** lést þann 13. október 2011. Hann átti stóran og mikilvægan þátt í móton og vinnslu verkefnisins og er sárt saknað. Niðurstöður verkefnisins og framsetning þeirra á veggspjaldi þessu eru þó alfarið á ábyrgð hinna höfundanna.

Tilvitnani:

[1] Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Björn Hallbeck og Páll Hersteinsson 2008. Stofnstærð og vanhöld minks á Snæfellsnesi 2006-2007. Niðurstöður fyrri rannsóknar vegna tilraunaverkefnis umhverfisráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks. Fjálit Náttúrustofu Vesturlands nr. 14, maí 2008. 24 bls.
[2] IUCN 2000. Guidelines for the prevention of biodiversity loss caused by alien invasive species. Prepared by the SSC Invasive Species Specialist Group. Approved by the 51st Meeting of the IUCN Council, Gland, Switzerland, February 2000.